

117. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi mánudaginn 23. september 2023. Fundur hófst kl. 14:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir og Lovísa María Sigurgeirsdóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022.

Fyrir liggur ársreikningur fyrir árið 2022 endurskoðaður af KPMG. Tap félagsins á síðasta ári var 3,4 milljónir sem skýrist einkum af kostnaði við rekstur fasteignar og afskriftum af búnaði. Eigið fé félagsins um áramót var tæplega 4,6 milljónir. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

2. Slit á Menningarfélaginu Bergi ses.

Stjórnin samþykkir með þremur atkvæðum tillögu um slit á Menningarfélaginu Bergi ses. Í skiplagsskrá er kveðið á um ferlið í þeim gjörningi og verður því fylgt. Seinni fundur fullskipaðrar stjórnar er ákveðinn að loknum aðalfundi þann 11. október.

3. Aðalfundur Menningarfélagsins Bergs ses.

Ákveðið að boða stofnaðila Menningarfélagsins Bergs ses til aðalfundar í Bergi miðvikudaginn 11. október kl. 14:00. Þar verður auk venjulegra aðalfundarstarfa lögð fram tillaga stjórnar um slit á félaginu og rætt um ráðstöfun eigin fjár þess við slitin.

Fundi slitið kl. 15:15.